

SAMNINGUR MILLI
ÍSLANDS
OG
HINS SAMEINAÐA KONUNGRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS
TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNDANSKOT FRÁ
SKATTLAGNINGU Á TEKJUR OG Á SÖLUHAGNAÐ.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands

SEM ÓSKA að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og á söluhagnað,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og af söluhagnaði sem eru lagðir á vegna samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum og af söluhagnaði teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur eða á hluta tekna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru einkum þessir:

a) Á Íslandi:

- (i) tekjuskattar ríkissjóðs;
 - (ii) útsvar til sveitarfélaganna;
- (hér á eftir nefndir „íslenskur skattur“);

- b) í Sameinaða konungsríkinu:
 - (i) tekjuskattur;
 - (ii) fyrirtækjaskattur; og
 - (iii) skattur á söluhagnað;(hér á eftir nefndir „skattur Sameinaða konungsríkisins“).

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað leiði af samhenginu:

- a) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;
- b) „Sameinaða konungsríkið“ merkir Stóra-Bretland og Norður-Írland, þar með talið sérhvert hafsvæði utan landhelgi Sameinaða konungsríkisins, sem tiltekið er samkvæmt lögum þess um landgrunnið, og þar sem Sameinaða konungsríkið, í samræmi við þjóðarétt, hefur lögsögu að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og náttúruauðlindir þeirra;
- c) „aðili“ merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;
- d) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
- e) „fyrirtæki“ nær til reksturs hvers konar starfsemi;
- f) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkja fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki og fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;
- g) „samningsríki“ og „hitt samningsríkið“ merkja Ísland eða Sameinaða konungsríkið eftir því sem samhengið gefur til kynna;
- h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari, nema skipið eða loftfarið sé eingöngu í förum milli staða í samningsríki, og fyrirtækið sem sem rekur skipið eða loftfarið er ekki fyrirtæki í því ríki;
- i) „bært stjórnvald“ merkir:
 - (i) á Íslandi, fjármálaráðherra eða fulltrúa ráðherra;
 - (ii) í Sameinaða konungsríkinu, the Commissioners for Her Majesty’s Revenue and Customs (forstöðumenn hjá Skattstjóra og Tollstjóra drottningar), eða fulltrúa þeirra;
- j) „ríkisborgari“ merkir:

- (i) að því er Ísland varðar, hvern mann sem hefur ríkisfang á Íslandi og sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum á Íslandi;
- (ii) að því er Sameinaða konungsríkið varðar, sérhvern breskan ríkisborgara eða sérhvern breskan þegn sem ekki hefur ríkisborgararéttindi í neinu öðru samveldislandi eða yfirráðasvæði, þó að því tilskildu að hann hafi dvalarleyfi í Sameinaða konungsríkinu, og sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum í Sameinaða konungsríkinu;
- k) „starfsemi“ felur m.a. í sér sérfræðiþjónustu og aðra sjálfstæða starfsemi;
- l) „lífeyriskerfi“ merkir kerfi eða aðra skipan sem er komið á í samningsríki, sem:
 - (i) er almennt undanþegin tekjuskatti í því ríki; og
 - (ii) er rekin til þess að hafa umsjón með eða sjá fyrir lífeyri eða eftirlaunum eða afla tekna í þágu þess konar skipanar, einnar eða fleiri.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis, skal ganga framur þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.

Heimilisfastur aðili.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki“ sérhvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar, aðseturs stofnunar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það ríki og sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum eða söluhagnaði sem eiga uppruna sinn í því ríki.

2. Í hugtakinu „aðili, heimilisfastur í samningsríki“ felst:

- a) lífeyriskerfi sem komið er á í því ríki; og
- b) stofnun sem komið er á fót og eingöngu þjónar markmiðum, einu eða fleiri, á vettvangi trúmála, góðgerðastarfsemi, vísinda, menningar eða menntunar og er heimilisfastur aðili í því ríki samkvæmt lögum þess, þrátt fyrir að tekjur hennar eða hagnaður, allur eða að hluta, kunni að vera undanþeginn skatti samkvæmt landslögum þess ríkis.

3. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum skv. 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

- a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi maður fast heimili í báðum ríkjunum telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

- b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;
- c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;
- d) ef maður á ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

4. Þegar aðili annar en maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leitast við að ákvarða með gagnkvæmu samkomulagi í hvaða samningsríki sá aðili skal teljast heimilisfastur að því er samning þennan varðar. Ef ekki er fyrir hendi gagnkvæmt samkomulag milli bærra stjórnvalda samningsríkjanna skal aðilinn talinn heimilisfastur í hvorugu samningsríkinu, að því er varðar kröfu um ávinning sem veittur er samkvæmt samningnum, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 21., 22. og 23 gr.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.
2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:
 - a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
 - b) útibús;
 - c) skrifstofu;
 - d) verksmiðju;
 - e) verkstæðis; og
 - f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.
3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd telst því aðeins föst atvinnustöð að hún standi lengur en tólf mánuði.
4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
 - a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
 - b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu, sýningar eða afhendingar;
 - c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
 - d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
 - e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða stöðstarfsemi fyrir fyrirtækið;

- f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða stöðstarfsemi.

5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. mgr., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í sanningsríki til að gera samninga fyrir hönd fyrirtækis og beitir þessari heimild að jafnaði, telst fyrirtæki þetta, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., hafa fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðilinn hefur með höndum fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í sanningsríki eingöngu vegna þess að það hefur með höndum starfsemi í því ríki fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo fremi að þessir aðilar komi fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

7. Þótt félag sem er heimilisfast í sanningsríki stjórnari eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu sanningsríkinu eða hefur með höndum starfsemi í hinu ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í sanningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu sanningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „fasteign“ skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess sanningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis.

7. gr.

Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíka starfsemi með höndum má skattleggja hagnað í síðarnefnda ríkinu sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar, í samræmi við ákvæði 2. mgr..

2. Að því er varðar þessa grein og 21. gr. er hagnaður sem í hvoru samningsríki má rekja til hinnar föstu atvinnustöðvar, sem getið er í 1. mgr., sá hagnaður sem ætla mætti að komið hefði í hennar hlut, ekki síst í skiptum hennar við aðra hluta fyrirtækisins, ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum samskonar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður, með tilliti til þeirra starfa sem innt eru af hendi, eigna sem eru notaðar og áhættu sem tekin er í gegnum föstu atvinnustöðina og aðra hluta fyrirtækisins.

3. Þegar samningsríki, í samræmi við 2. mgr., leiðréttir hagnað sem rekja má til fastrar atvinnustöðvar fyrirtækis eins samningsríkis og skattleggur samkvæmt því hagnað fyrirtækisins, sem hefur verið skattlagður í hinu ríkinu, skal hitt samningsríkið, að því marki sem unnt er til þess komast hjá tvísköttun, gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.

4. Þegar hagnaður felur í sér tekjur eða söluhagnað, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Að því er þessa grein varðar skal hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum taka til:

- a) hagnaðar af þurrleigu skipa eða loftfara; og
- b) hagnaðar af notkun, viðhaldi eða leigu gáma (þar með taldir eftirvagnar og tæki þeim tengd til flutninga á gámum) til flutninga á vörum eða varningi;

þegar slík leiga eða slík notkun, viðhald eða leiga, eftir atvikum, tengist rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

1. Þegar:

- a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlýðum fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlýðum fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

og hluteigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki, og skattleggur samkvæmt því, hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu, sem hefur verið skattlagður í því ríki, og hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings og skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Arður.

1. Arð, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíkan arð, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir, má þó einnig skattleggja í því ríki og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi arðsins heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

- a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins ef raunverulegi eigandinn er félag (annað en sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir arðinn;
- b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins í öllum öðrum tilvikum.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal ekki skattleggja arð í samningsríkinu, þar sem félagið, sem greiðir arðinn, hefur heimilisfesti sé hinn raunverulegi eigandi arðsins lífeyriskerfi sem hefur heimilisfesti í hinu samningsríkinu.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, setja nánari reglur um framkvæmd 2. og 3. mgr. Þessar málsgreinar skulu engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem arður er greiddur af.

5. Hugtakið „arður“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og allir aðrir liðir sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem fer með úthlutunina er heimilisfast.

6. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi arðsins er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. gilda.

7. Ef félag, sem er heimilisfast í samningsríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt arðinn, sem félagið greiðir, nema að því leyti sem arður er greiddur aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu, né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað. Þetta gildir jafnt þótt arðurinn sem greiddur er eða óúthlutaði hagnaðurinn sé, að öllu eða nokkru leyti, hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

8. Engar undanþágur skulu veittar frá þessari grein ef megintilgangur eða einn megintilgangur aðila, sem tengist tilurð eða framsali hlutabréfa eða annarra réttinda sem þóknunin er greidd fyrir, er að notfæra sér þessa grein með slíkri tilurð eða framsali

11. gr.

Vextir.

1. Vextir, sem myndast í samningsríki og eru raunverulega í eigu aðila, sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki og tekur hugtakið tekur til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Hugtakið tekur ekki til liða sem teljast vera arður samkvæmt ákvæðum 10. gr.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast og skuldakrafan, sem vextirnir eru greiddir af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. gilda.

4. Þegar vaxtafjárhæðin er af einhverri ástæðu hærri miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú vaxtafjárhæð, sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið

um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

5. Engar undanþágur skulu veittar frá þessu ákvæði ef það er megingilgangur eða einn megingilgangur aðila sem tengist tilurð eða framsali skuldakröfunnar sem vextirnir eru greiddir af er að notfæra sér þessa grein með slíkri tilurð eða framsali.

12. gr.

Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og eru raunverulega í eigu aðila, sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, skulu einungis skattlagðar í síðarnefnda ríkinu.

2. Þær þóknanir sem um getur í 3. mgr. má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé raunverulegur eigandi þóknanna heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 5 af hundraði af vergri fjárhæð þóknanna. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd þessarar takmörkunar.

3. Þær þóknanir sem um getur í 2. mgr. eru greiðsla fyrir afnot eða rétt til afnota af:

- a) hvers konar upplýsingum um reynslu á sviði iðnaðar, verslunar, viðskipta eða vísinda sem eru látin í té í tengslum við leigu eða sérleyfissamning;
- b) vörumerki í tengslum við samning sem um getur í lið a); eða
- c) höfundarrétti á kvikmynd eða verki á filmu eða myndbandi eða sem fjölfölduð eru með öðrum hætti til notkunar í tengslum við sjónvarp.

4. Hugtakið „þóknanir“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með töldum kvikmyndum, hvers konar einkaleyfum, vörumerkjum, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir upplýsingar (verkkunnáttu) um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast og réttindin eða eignin sem gefur af sér þóknanirnar er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. gilda.

6. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Ef sá aðili, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð í samningsríki og skyldan til að greiða þóknanirnar er tengd hinni föstu atvinnustöð, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð, skulu þær þó taldar myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð er staðsett.

7. Þegar fjárhæð þóknunar er af einhverri ástæðu hærrí, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð, sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, vera skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

8. Engar undanþágur skulu vera fyrir hendi frá þessar grein ef megintilgangur eða einn megintilgangur aðila, sem tengist tilurð eða framsali réttindanna sem þóknunin er greidd fyrir, er að notfæra sér þessa grein með slíkri tilurð eða framsali.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu hlutabréfa, annarra en hlutabréfa sem ganga verulegum og reglulegum kaupum og sölum í kauphöllum eða sambærilegs eignarhlutar af hvaða tagi sem er og yfir 50% af verðgildi þeirra stafar beint eða óbeint frá fasteign sem staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í því ríki.

3. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild).

4. Hagnað, sem aðili, heimilisfastur í samningsríki, hlýtur af sölu skipa eða loftfara, sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í því ríki, eða lausafjár, sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, má einungis skattleggja í því ríki.

5. Hagnaður, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1., 2., 3. og 4. mgr., skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. er samningsríki (ríki A) heimilt, í samræmi við lög sín, að skattleggja hagnað manns, sem hlýtur hagnaðinn og er heimilisfastur í hinu samningsríkinu (ríki B), af sölu hlutabréfa eða réttinda í félagi sem er heimilisfastur í ríki A ef:

- a) hann var heimilisfastur í ríki A í 5 ár á 10 ára tímabili fram að þeim degi er hann varð heimilisfastur í ríki B;
- b) salan fer fram innan þriggja ára frá því hann verður heimilisfastur í ríki B; og
- c) eignarhald hans á hlutum eða öðrum réttindum mynduðu að minnsta kosti 10 af hundraði af eignarhlutdeild félagsins þegar hann hætti að vera heimilisfastur í ríki A.

Hagnaður sem þannig er skattlagður skal vera hagnaður, ef um það er að ræða, sem rekja má til þess tímabils áður en hann varð heimilisfastur í ríki B.

14. gr.

Atvinnutekjur.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 15., 17. og 18. gr. skulu laun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:
 - a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári; og
 - b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu; og
 - c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.
3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar skal einungis skattleggja endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur vegna starfs um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum, í því ríki.

15. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

16. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. má skattleggja tekjur aðila, sem er heimilisfastur í samningsríki, sem hann aftar í hinu samningsríkinu með störfum sínum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.
2. Ef tekjur af starfi, sem skemmtikraftur eða íþróttamaður leysir af hendi sem slíkur, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7. og 14. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starf skemmtikraftsins eða íþróttamannsins er leyst af hendi.

17. gr.

Eftirlaun.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 18. gr. er heimilt að skattleggja eftirlaun og annað svipað endurgjald sem myndast í samningsríki og er greitt til aðila sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu í fyrirnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal eingreiðsla vegna lífeyriskerfis, sem hefur verið komið á í samningsríki og raunverulegur eigandi er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, einungis skattlögð í fyrirnefnda ríkinu.

18. gr.

Opinbert starf.

1.
 - a) Laun og annað svipað endurgjald, sem greitt er af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.
 - b) Slík laun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
 - (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
 - (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2.
 - a) Eftirlaun, sem greidd eru af, eða úr sjóðum stofnuðum af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess, skulu einungis skattlögð í því ríki.
 - b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari í því ríki.
3. Ákvæði 14., 15., 16. og 17. gr. skulu gilda um laun, eftirlaun og annað svipað endurgjald sem greitt er fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

19. gr.

Námsmenn.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og dvelur í fyrirnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

20. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem eru raunverulega í eigu aðila sem heimilisfastur er í samningsríki, og ekki er fjallað um í fyrri greinum samnings þessa, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir þá ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal litið svo á að fjárhæð tekna, sem greidd er aðila heimilisföstum á Íslandi og er vegna tekna sem fjárvörslumenn eða persónulegir fulltrúar sem fara með dánarbú hafa tekið við, og þessir fjárvörslumenn eða persónulegir fulltrúar eru heimilisfastir í Sameinaða konungsríkinu, sé af sama uppruna og í sömu hlutföllum og tekjurnar sem fjárvörslumennirnir eða persónulegir fulltrúar tóku við og varið er til greiðslu fjárhæðarinnar.

Fara skal með skatta sem fjárvörslumenn eða persónulegir fulltrúar greiða vegna tekna sem greiddar eru rétthafa eins og rétthafinn hafi greitt þá.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett og réttindin eða eignin, sem gefur af sér tekjurnar, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. gilda.

4. Þegar fjárhæð þeirra tekna sem getið er í 1. mgr. er, vegna sérstaks sambands heimilisfasts aðila sem um getur í þeirri málsgrein og annars aðila eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, af einhverri ástæðu hærri en sú fjárhæð (ef það á við) sem þeir hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skulu tekjurnar, sem umfram eru, vera skattlagðar samkvæmt lögum hvors samningsríkis, að teknu tilhlýðilegu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

5. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef megintilgangur eða einn megintilgangur aðila, sem tengist tilurð eða framsali réttindanna sem leiða til greiðslu teknanna, er að notfæra sér þessa grein með slíkri tilurð eða framsali.

21. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Í tilviki Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

- a) hafi aðili, heimilisfastur á Íslandi tekjur sem má skattleggja í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt ákvæðum samnings þessa, skal Ísland heimila að fjárhæð þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í Sameinaða konungsríkinu sé dregin frá tekjuskatti þess aðila;
- b) slíkur frádráttur skal þó aldrei vera hærri en sá hluti tekjuskattsins, reiknaður fyrir frádráttinn, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í Sameinaða konungsríkinu;
- c) hafi aðili, heimilisfastur á Íslandi, tekjur, sem skulu einungis skattlagðar í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt ákvæðum samnings þessa, getur Ísland fellt

þær tekjur inn í skattstofn en skal heimila að sá hluti tekjuskattsins sem rekja má til þeirra tekna sem koma frá Sameinaða konungsríkinu sé dreginn frá tekjuskatti.

2. Með fyrirvara um ákvæði laga Sameinaða konungsríkisins varðandi veitingu frádráttar frá skatti Sameinaða konungsríkisins á greiðsluskyldum skatti á landsvæðum utan Sameinaða konungsríkisins, eða, eftir atvikum, varðandi undanþágu frá skatti Sameinaða konungsríkisins á arð sem myndast á landsvæði utan Sameinaða konungsríkisins eða hagnað fastrar atvinnustöðvar sem staðsett er á landsvæði Sameinaða konungsríkisins (sem ekki skulu hafa áhrif hér á almennar grundvallarreglur):

- a) skal íslenskur skattur sem greiðsluskyldur er samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við ákvæði samnings þessa, hvort heldur beint eða sem frádráttur, af hagnaði, tekjum eða skattskyldum söluhagnaði sem myndast hefur á Íslandi (undantekning gildir þó varðandi arð að því er varðar greiðsluskyldu skatts af þeim hagnaði sem varið er til greiðslu arðsins) leyfður sem frádráttur frá sérhverjum skatti Sameinaða konungsríkisins sem reiknaður er með hliðsjón af sama hagnaði, tekjum eða skattskyldum söluhagnaði sem er grunnurinn að útreikningi íslenska skattsins;
- b) arður greiddur af félagi með heimilisfesti á Íslandi til félags með heimilisfesti í Sameinaða konungsríkinu skal undanþeginn skatti Sameinaða konungsríkisins þegar skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt lögum Sameinaða konungsríkisins eru uppfyllt;
- c) hagnaður fastrar atvinnustöðvar með heimilisfesti á Íslandi af félagi með heimilisfesti í Sameinaða konungsríkinu skal undanþeginn skatti Sameinaða konungsríkisins ef undanþága á við og skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt lögum Sameinaða konungsríkisins eru uppfyllt;
- d) sé um að ræða arð sem ekki er undanþeginn skatti skv. b-lið að framan sem greiddur er af félagi með heimilisfesti á Íslandi til félags með heimilisfesti í Sameinaða konungsríkinu sem hefur yfir að ráða beint eða óbeint að minnsta kosti 10 hundraðshlutum af atkvæðamagni í félaginu sem greiðir arðinn, skal einnig taka með við reikning frádráttarins sem getið er í a-lið íslenska skattinn sem greiðsluskyldur er af félaginu af þeim hagnaði sem slíkur arður er greiddur af.

3. Við beitingu 1. og 2. mgr. skal hagnaður, tekjur og ágóði í eigu aðila sem heimilisfastur er í samningsríki sem skattleggja má í hinu samningsríkinu samkvæmt samningi þessum talinn eiga uppruna sinn í hinu samningsríkinu.

22. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, einkum að því er varðar heimilisfesti.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum.

3. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfests í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og hefðu þær verið greiddar aðila heimilisföstum í fyrrnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 4. eða 5. mgr. 11. gr., 7. eða 8. mgr. 12. gr. eða 4. eða 5. mgr. 20. gr. eigi við.

4. Þótt eignir fyrirtækja í samningsríki séu að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila, sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu, skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar, sem eru heimilisföst í fyrrnefnda ríkinu, sæta eða unnt er að láta þau sæta.

5. Þessa grein skal ekki skýra þannig að hún skyldi samningsríki til þess að veita mönnum sem ekki eru heimilisfastir í samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og skattalækkanir sem það veitir þeim mönnum sem þar eru heimilisfastir eða ríkisborgurum sínum.

23. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Ef aðili telur að ráðstafanir, sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum, leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir 1. mgr. 22. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt landslögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig haft samráð í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

5. Ef

- a) aðili hefur lagt mál, sem fellur undir 1. mgr., fyrir bært stjórnvald samningsríkis á þeim grundvelli að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjum leiði til skattlagningar að því er hann varðar, sem ekki eru í samræmi við ákvæði samnings þessa;

- b) og bærur stjórnvöldum reynist ekki unnt að ná samkomulagi til þess að leysa málið í samræmi við 2. mgr. innan tveggja ára frá því málið er lagt fyrir bært stjórnvald hins samningsríkisins,

skal leggja sérhvert óleyt mál sem hefur komið upp fyrir gerðardóm fari viðkomandi aðili fram á það. Ekki skal leggja óleyt mál fyrir gerðardóm ef dómstóll eða stjórnsludómstóll í öðru hvoru samningsríkinu hefur þegar úrskurðað um þau. Að því tilskildu að aðili sem málið hefur bein áhrif á hafni ekki gagnkvæmu samkomulagi sem kemur gerðardómsúrskurðinum í framkvæmd, skal úrskurður gerðardóms vera bindandi gagnvart báðum samningsríkjunum og honum komið í framkvæmd enda þótt kveðið sé á um tímafresti í innlendra lögjöf ríkjanna. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki gilda um mál sem falla undir 4. mgr. 4. gr. samnings þessa.

24. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á upplýsingum sem séð verður að skipti máli fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða framkvæmd eða fullnustu innlendra laga samningsríkjanna varðandi skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem samningsríkin eða sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þeirra leggja á, að því leyti sem viðkomandi skattlagning fer ekki í bága við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki af 1. og 2. gr.

2. Með allar upplýsingar, sem samningsríki veitir viðtöku skv. 1. mgr., skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem er aflað samkvæmt lögum þess ríkis og skulu þær eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum er um getur í 1. mgr. eða fullnustu-eða ákærvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta eða eftirlit með framangreindu. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í ofangreindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum. Þrátt fyrir framangreint, má nota upplýsingar sem móttekna eru í samningsríki í öðrum tilgangi ef not má slíkar upplýsingar í slíkum tilgangi samkvæmt lögum beggja samningsríkjanna og bært stjórnvald þess ríki sem leggur til upplýsingarnarheimilar slíka notkun.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:

- a) að framkvæma stjórnsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- b) að veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða almennum stjórnsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- c) að veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðipækkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn allsherjarreglu ef þær væru gerðar opinberar.

4. Ef sammingsríki fer fram á upplýsingar í samræmi við þessa grein skal hitt sammingsríkið beita þeim aðferðum sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir, jafnvel þótt síðarnefnda ríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslið er háð takmörkunum 3. mgr. en í engu tilviki skulu þær takmarkanir notaðar til að heimila sammingsríki að synja um veitingu upplýsinga af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.

5. Í engu tilviki skal skýra ákvæði 3. mgr. þannig að þau heimili sammingsríki að synja um veitingu upplýsinga af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, tilnefnds aðila eða aðila sem kemur fram sem umboðsaðili eða annast fjármunavörslu, eða þær tengjast hagsmunum eiganda aðila.

25. gr.

Aðstoð við innheimtu skatta.

1. Sammingsríkin skulu aðstoða hvort annað við innheimtu skattkrafna. Aðstoðin takmarkast ekki af 1. og 2. gr. Bær stjórnvöld í sammingsríkjunum skulu setja, með gagnkvæmu samkomulagi, ítarlegri reglur um beitingu þessarar greinar.

2. Hugtakið „skattkrafa“, eins og það er notað í þessari grein, merkir þá skuldafjárhæð skatta hverju nafni sem þeir nefnast sem sammingsríki eða sjálfstjórnarhérað eða sveitarstjórnir þeirra leggja á, svo fremi að þessi skattheimta sé ekki andstæð þessum samningi eða öðrum gerningi, sem sammingsríkin eiga aðild að, svo og vexti, stjórnsýslusektir og annan kostnað vegna innheimtu fjárhæðarinnar eða til viðhalds kröfunni.

3. Þegar skattkrafa sammingsríkis er aðfararhæf samkvæmt lögum þess ríkis og aðili, sem á að greiða hana, getur ekki, samkvæmt lögum þess ríkis, staðið gegn innheimtu hennar á þeim tíma skal skattkrafan samþykkt, að beiðni bærs stjórnvalds í því ríki, til þess að bært stjórnvald í hinu sammingsríkinu geti innheimt hana. Síðarnefnda ríkið skal innheimta skattkröfuna í samræmi við ákvæði landslaga sem gilda um aðfararhæfi og innheimtu innlendra skatta, eins og um væri að ræða eigin skattkröfu.

4. Þegar sammingsríki er heimilt samkvæmt landslögum að gera ráðstafanir til að viðhalda skattkröfu sinni með það að markmiði að innheimta hana skal skattkrafan samþykkt, að beiðni bærs stjórnvalds í því ríki, til þess að bært stjórnvald í hinu sammingsríkinu geti gert ráðstafanir til að viðhalda henni. Síðarnefnda ríkið skal gera ráðstafanir til að viðhalda skattkröfunni í samræmi við ákvæði eigin landslaga eins og það sjálft ætti skattkröfuna, jafnvel þótt hún sé ekki aðfararhæf í fyrirnefnda ríkinu á þeim tíma þegar ráðstöfununum er beitt eða sé í eigu aðila sem hefur rétt til að koma í veg fyrir innheimtu hennar.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. skal skattkrafa, sem sammingsríki samþykkir samkvæmt 3. eða 4. mgr., ekki háð, í því ríki, tímamörkum eða njóta forgangs sem gildir um skattkröfu sem lög þess ríkis ná til vegna þess hvers eðlis hún er. Auk þess skal skattkrafa, sem sammingsríki samþykkir samkvæmt 3. eða 4. mgr., ekki njóta forgangs sem gildir um þá skattkröfu samkvæmt lögum hins sammingsríkisins.

6. Málsmeðferð vegna tilvistar, gildis eða fjárhæðar skattkröfu sammingsríkis skal ekki fara fram fyrir dómstólum eða stjórnarsýslustofnunum hins sammingsríkisins.

7. Ef viðkomandi skattkrafa, hvenær sem er eftir að beiðni hefur borist frá sammingsríki skv. 3. eða 4. mgr. og áður en hitt sammingsríkið hefur innheimt og sent viðkomandi skattkröfu til fyrrnefnda ríkisins, hættir að vera:

- a) skattkrafa fyrrnefnda ríkisins sem er aðfararhæf samkvæmt lögum þess ríkis og er í skuld aðila sem getur ekki, á þeim tíma, komið í veg fyrir innheimtu hennar samkvæmt lögum þess ríkis, ef um er að ræða beiðni skv. 3. mgr; eða
- b) skattkrafa fyrrnefnda ríkisins, en því ríki er heimilt að gera ráðstafanir um að viðhalda kröfunni samkvæmt eigin lögum í því skyni að tryggja innheimtu hennar, ef um er að ræða beiðni skv. 4. mgr.,

skal bært stjórnvald í fyrrnefnda ríkinu þegar í stað tilkynna bæru stjórnvaldi í hinu ríkinu um það og skal fyrrnefnda ríkið fresta eða fella niður beiðni sína fari síðarnefnda ríkið fram á það.

8. Ákvæði þessarar greinar skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á sammingsríki:

- a) að framkvæma stjórnarsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnarsýsluvenjum þess eða hins sammingsríkisins;
- b) að gera ráðstafanir sem myndu stríða gegn allsherjarreglu;
- c) að veita aðstoð ef hitt sammingsríkið hefur ekki gert allar eðlilegar ráðstafanir til að innheimta eða viðhalda kröfunni, eftir atvikum, sem heimilaðar eru samkvæmt lögum þess eða stjórnarsýsluvenju;
- d) að veita aðstoð í þeim tilvikum þegar stjórnarsýsluálag á það ríki er greinilega ekki í hlutfalli við þann ávinning sem hitt sammingsríkið getur vænst;
- e) að veita aðstoð ef það ríki telur að álagning skatta sem eru tilefni þess að aðstoðar er óskað brjóti í bága við almennar skattlagningarreglur.

26. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisskrifstofa.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á skattaávilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisskrifstofa njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

27. gr.

Gildistaka.

1. Sammingsríkin skulu tilkynna hvort öðru, eftir diplómatískum leiðum, þegar lokið er málsmeðferð samkvæmt lögum þeirra um gildistöku samnings þessa. Samningurinn öðlast gildi daginn sem síðari tilkynningin er lögð fram og kemur þá til framkvæmda:

- a) á Íslandi:

- (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem er aflað 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;
 - (ii) að því er varðar aðra tekjuskatta, um skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.
- b) í Sameinaða konungsríkinu:
- (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem er aflað 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;
 - (ii) með fyrirvara um (i)-lið b-liðar að framan, að því er varðar tekjuskatt og skatt af söluhagnaði fyrir sérhvert álagningarár sem hefst 6. apríl eða síðar, á þeim degi sem fylgir næst á eftir þeim degi þegar samningurinn öðlast gildi;
 - (iii) að því er varðar fyrirtækjaskatt fyrir sérhvert fjárhagsár sem hefst 1. apríl eða síðar, á þeim degi sem fylgir næst á eftir þeim degi þegar samningurinn öðlast gildi.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði 23. gr. (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags), 24. gr. (Skipti á upplýsingum) og 25. gr. (Aðstoð við innheimtu skatta) gilda frá þeim degi þegar samningurinn öðlast gildi, án tillits þess til tímabils skattlagningar sem málið varðar.

3. Samningur milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnað af eignum, undirritaður í Reykjavík 30. september 1991 („fyrri samningurinn“), skal ekki lengur beitt að því er varðar skatta sem gilda frá þeim degi þegar samningi þessum er beitt að því er þá skatta varðar skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal honum slitið á þeim degi þegar honum er beitt í síðasta sinn.

4. Hafi maður tekið við greiðslum sem falla undir 18. gr. fyrri samnings rétt fyrir gildistöku þessa samnings, er honum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. og ákvæði 17. gr., að velja að ákvæði þeirrar greinar, en ekki ákvæði 17. gr. þessa samnings, skuli gilda um þær greiðslur og er það óafturkallanlegt. Val þetta skal gilda fyrir árið þegar það fer fram og næstu ár á eftir.

28. gr.

Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til samningsríki segir honum upp. Hvort samningsríki um sig getur sagt samningnum upp, eftir diplómátskum leiðum, með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í samningsríkjunum:

- a) á Íslandi:
 - (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent;

- (ii) að því er varðar aðra tekjuskatta, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent;
- b) í Sameinaða konungsríkinu:
 - (i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent;
 - (ii) með fyrirvara um (i)-lið b-liðar að framan, að því er varðar tekjuskatt og skatt af söluhagnaði fyrir sérhvert álagningarár sem hefst 6. apríl eða síðar, á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent;
 - (iii) að því er varðar fyrirtækjaskatta, sem leggja má á vegna skattárs sem hefst 1. apríl eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í.....hinná íslensku og ensku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Hins sameinaða
konungsríkis Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands:

BÓKUN

Við undirritun sammings til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, sem ríkisstjórn Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og ríkisstjórn Íslands gera með sér á þessum degi, hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti sammingsins.

Með vísan til 2. gr.:

Að því er varðar Ísland er litið svo á að meðal tekjuskatta ríkissjóðs, sem um getur í a-lið 3. mgr., sé einnig viðbótarskattur á hagnað fjármálastofnana sem felst í sérstökum fjársýsluskatti.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í hinn á íslensku og ensku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Fyrir hönd ríkisstjórnar Hins sameinaða
konungsríkis Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands: